



Varðandi: Ferðamál á Akranesi

Málsnúmer: 1505053

Dagsetning: 23. febrúar 2016

TILLAGA:

Bæjarráð samþykkir að Tjaldsvæðið í Kalmansvík verði opið frá 15. maí til 15. september árið 2016, Upplýsingamiðstöð ferðamanna að Suðurgötu 57 verði opin frá 15. maí til 31. ágúst og Akranesviti frá 1. júní til 31. ágúst. Ennfremur samþykkir bæjarráð að ráða starfsfólk til sumarstarfa í upplýsingamiðstöðina, Akranesvita og á tjaldsvæðið fyrir sumarið 2016.

GREINARGERÐ: Tjaldsvæðið í Kalmansvík hefur sl. ár verið opið frá 1. apríl til 30. september en lagt er til að breyta því fyrirkomulagi og hafa opið frá 15. maí til 15. september. Fjöldi gesta á tjaldsvæðinu árið 2015 sýnir að álagstíminn sé á fyrrgreindum tíma og flest tjaldsvæði eru með þann opnunartíma.

Lagt er til að starfsfólk verði ráðið tímabilið 15 maí til 15. september á tjaldsvæðið, 1. júní til 31. ágúst á upplýsingamiðstöðina og í afleysingu í Akranesvita sama tímabil. Hilmar Sigvaldsson mun hafa vitavörslu að aðalstarfi sumarið 2016 en gert er ráð fyrir afleysingu þar aðra hverja helgi. Horft er til þess að samnýta starfskrafta við gerð vaktaáætlunar. Auglýst verði eftir starfsfólki eigi síðar en 1. mars næstkomandi. Með vísan til framanritaðs gerir bærarstjóri ofangreinda tillögu.



Regína Ásvaldsdóttir

bærarstjóri